

**ÍPRÓTTAMANNVIRKI  
Á AKUREYRI  
APRÍL 2000**

# ÍPRÓTTAMANNVIRKI Á AKUREYRI

Upphafleg útgáfa 1984  
Endurbætt útgáfa 1992  
Endurbætt útgáfa 1995  
Endurbætt útgáfa 2000

Útgefandi Íþróttá- og tómsundaráð Akureyrar

Hermann Sigtryggsson og Eiríkur Bj. Björgvinsson tóku saman

## Efnisyfirlit:

- Bls. 3 Íþróttahúsið við Laugargötu
- " 4 Íþróttaskemman
- " 5 Íþróttahús Oddeyrarskóla
- " 6 Íþróttahús Glerárskóla
- " 7 Íþróttahöllin
- " 8 Íþróttahús M.A.
- " 9 Íþróttahús Sjálfsbjargar
- " 10 Sundlaug Akureyrar
- " 11 Sundlaug Glerárskóla
- " 12 Skíðastaðir
- " 13 Skíðastaðir
- " 14 Skíðastaðir
- " 15 Íþróttavöllur Akureyrar
- " 16 Íþróttasvæði K.A.
- " 17 Íþróttasvæði Þórs
- " 18 Golfvöllur G.A:
- " 19 Skautasvæði S.A.
- " 20 Hestamannafélagið Léttir
- " 21 Hamraborgir
- " 22 Útivistarsvæðið í Kjarna
- " 23 Athafnasvæði Skotfélags Akureyrar
- " 24 Nökkvi, félag siglingamanna
- " 25 Athafnasvæði Flugklúbbs Íslands

# ÍPRÓTTAHÚSIÐ VIÐ LAUGARGÖTU

Íþróttahúsið við Laugargötu var tekið í notkun árið 1944, en hefur verið lagfært og endurnýjað að miklu leyti að innan. Var það gert á árunum 1974 - 1977.

Í húsinu eru tveir leikfimisalir 8 x 17 m með trégólfi. Hæð undir loft er 5 m. Tveir búningsklefar og það er við hvorn sal, einnig herbergi fyrir kennara og húsverði.

Íþróttáhöld í salnum eru fyrst og fremst miðuð við skólaleikfimi. Áhaldageymslur eru mjög litlar.

Brekkuskóli hefur afnot af húsinu á skólatíma. Eftir skólatíma kl. 16:00 eru íþróttasalirnir leigðir til einstaklinga og félaga, til kl. 23:00 og allan daginn um helgar. Vaktir eru skipulagðar í samvinnu við Sundlaug Akureyrar, en rekstur hennar og Íþróttahússins var sameinaður í ársbyrjun 1993. Lang mest eru það trimmarar sem leigja kvöldtíma hússins að vetrinum til.

Íþróttabandalag Akureyrar hefur aðsetur sitt í þessu húsi og hefur til umráða efri hæð miðbyggingar þess. Þar er fundasalur Í.B.A., eldhúsaðstaða, snyrting og fundaherbergi sérráða Í.B.A.

Íþróttahúsið við Laugargötu er í eigu Akureyrarbæjar.

Hönnuður: Guðjón Samúelsson.

# ÍPRÓTTASKEMMAN

Íþróttaskemman var tekin í notkun 1967. Hús þetta var ætlað sem áhaldahús bæjarins, en vegna vöntunar á keppnishúsi í íþróttum fyrir bæinn á þessum tíma var ákveðið að nota það, fyrst um sinn, sem almennt íþrótt- og keppnishús fyrir íþróttahreyfinguna í bænum.

Fyrst í stað var gólfið aðeins lagt asfalti, en 1971 var ákveðið að nota Skemmuna sem leikfimihús fyrir Oddeyrarskóla og Glerárskóla og var þá sett í hana trégólf (Everplay).

Stærð salargólfs er 18 x 31 m og hæð undir loft er 6 m. Áhorfendasvæði er fyrir 450 manns. Skipta má salnum í tvennt með neti og segldúk. Búningsklefar eru aðeins tveir og böð eru tvö, bæði lítil. Aðstaða fyrir húsverði og kennara er mjög þröng.

Einn fastráðinn starfsmaður starfar daglega við húsið, auk tveggja aðstoðarmanna í tímavinnu.

Þá hefur þetta hús verið notað til ýmissa annarra hluta en íþróttar, svo sem tónleika, listsýninga, dansleikja o.fl. Íþróttaskemman hefur dugað vel til þeirra verkefna sem hún hefur verið notuð til. Íþróttaskemman hefur nú verið seld og munu nýjir eigendur taka við henni 1. júní 2001.

Upphaflega var gert ráð fyrir að nota þetta hús fyrir íþróttirnar í hæsta lagi í 5 ár og myndu þá önnur hús leysa það af hólmi sem slíkt. Árin eru nú orðin 33 (2000).

Breytingar urðu á rekstri hússins um áramót 1994-1995, en þá flutti Oddeyrarskóli íþróttakennslu sína í nýtt leikfimihús sem byggt var við skólann.

Íþróttaskemman er í eigu Akureyrarbæjar.

Hönnuður: Haukur Árnason.

# ÍPRÓTTAHÚS ODDEYRARRSKÓLA

Bygging Íþróttahúss við Oddeyrarskóla hófs í maí 1994 og var það tekið í notkun í desember sama ár.

Reist var límtrésgrind með Yl-einingum og klætt með Stenex plötum. Gólfefni á sal er Pulastic. Grunnflötur íþróttasalar er 9 x 18 metrar, mesta lofhæð 6,35 m. og minnst lofthæð 4,90 m. Geymslurými fyrir íþróttáhöld eru í enda salarins.

Í tengibyggingu milli íþróttahússins og skólans eru búningsherbergi og böð ásamt aðstöðu fyrir kennara, hjúkrunarfræðing og húsvörð.

Auk þess að vera íþróttahús fyrir Oddeyrarskóla er húsið leigt til afnota fyrir almenning þrjá daga í viku kl. 17:00 - 22:00. Félagsmiðstöðin Oddféló hefur aðstöðu í íþróttahúsi og tengibyggingu Oddeyrarskóla tvisvar í viku.

Hönnuður: Arkitekta- og verkfræðistofa Hauks h.f.

Hönnun raflagna: Raftákn

Húsið er í eigu Akureyrarbæjar.

# ÍPRÓTTAHÚS GLERÁRSKÓLA

Íþróttahús Glerárskóla var tekið í notkun í mars 1977. Í húsinu er skiptanlegur salur 18 x 33 m. Gólfíð er lagt "Spoknol", hæð undir loft er 7 m. Búningsklefar eru fjórir og tilheyrandi þeim eru tvö böð og tvö þurrkherbergi. Áhaldageymslur eru rúmgóðar og eru staðsettar út frá annarri langhliðinni. Áhaldakostur er góður. Þá eru herbergi fyrir húsvörð, og tvö kennaraherbergi. Geymsla er fyrir útiáhöld og kjallari er undir hluta hússins.

Jafnframt því að vera íþróttahús fyrir Glerárskólann þá er það notað af Síðuskóla, Hvammshlíðarskóla og Bröttuhlíðarskóla og að loknum skólatíma kl. 16:00 til kl. 23:00 taka félög og einstaklingar við. Á laugardögum og sunnudögum er húsið notað frá kl. 09:00 til 17:00. Um helgar er auk þess oft keppni í blaki, körfubolta og hjá yngri flokkum í handbolta, þó ekki séu áhorfendabekkir í húsinu. Þá er oft keppt í fimleikum í húsinu, en hús þetta hefur fengið á sig gott orð sem fimleikahús; rúmgóður salur, gott gólf og mikið af góðum fimleikáhöldum.

Frá 1980 hefur húsið einnig verið opið yfir sumarmánuðina fyrir æfingar íþróttafélaga. Sumarstarf Íþróttafélagsins Þórs hefur fengið aðstöðu í íþróttahúsinu þegar þannig hefur viðrað. Fast starfsfólk við íþróttahúsið er einn karlmaður og ein kona. Með tilkomu sundlaugar við Glerárskóla jókst samvinna og samnýting starfsfólks.

Íþróttahúsið við Glerárskóla er í eigu Akureyrarbæjar.

Hönnuður: Húsameistari Akureyrar.

# ÍPRÓTTAHÖLLIN

Bygging Íþróttahallarinnar hófst 1977. Það ár var grafið út fyrir kjallara og skipt um jarðveg í bílastæðum. Fyrirtækin Norðurfell h.f. og Mól og Sandur h.f. sáu um þetta verk. Lokið var við að steypa kjallara hússins í júlí 1978. Fyrirtækið Híbyli h.f. annaðist það verk, svo og uppsteypu alla á hliðarbyggingum og salarveggjum og var því lokið í ágúst 1980. Þakið var sett á húsið í nóvember og desember 1980. Bogabitar sem halda uppi þakinu eru úr límtrésbitum. Ofan á þá koma langbitar og milli þeirra felldar hljóðeinangrandi spónaplötur, síðan einangrun, pappi og efsta lagið er þakplötur úr stáli. Allt þakið og raflagnir í loft var unnið ofanfrá. Híbyli h.f. sá um þetta verk.

Gólfplötur aðalsalar hússins er 27 x 45 m. Gólfefni er Pulastic. Mesta lofthæð er 13 m. Hægt er að skipta salnum í þrennt. Með annarri langhlið hans eru rúmgóð áhaldaherbergi og sena, en með hinn langhliðinni eru áhorfendasvæði, bæði föst og "hreyfanleg", þ.e. sundurdregnir bekkir sem nota má þegar mikill fjöldi áhorfenda er í húsinu. Föstu sætin eru fyrir um 800 manns og lausu sætin fyrir um 600 manns. Undir áhorfendasvæðunum eru búningsklefar og böð með tilheyrandi þurrkherbergjum, göngum o.s.frv. Við báða enda aðalsalarins eru litlir æfingasalir og tveir þeirra, sinn í hvorum enda mynda, ásamt salarlengdinni, 65 m langa hlaupabraut fyrir frjálsar íþróttir.

Á annarri hæð hússins, í útbyggingu þess, er kaffitería fyrir um 180 - 200 manns, fundaherbergi, kennslustofur o.fl. í norðurhlutanum, en að vestanverðu er aðstaða til gistingar fyrir hópa, tvö 70 m<sup>2</sup> herbergi með snyrtingum og baðaðstöðu. Er þetta aðallega ætlað aðkomuhópum sem koma til keppni eða sýningahalds í Íþróttahöllinni. Lítil fundasalur er í suðurhluta.

Í kjallara hússins er leikfimisalur, aðstaða fyrir heilsurækt, lyftingar og þrekæfingar, með tilheyrandi búnings-, baðaðstöðu og geymslum. Einnig er þar hita-loftræstikerfi og rafmagnstöflur hússins.

Jafnframt því sem þetta er íþróttahús, þá hefur það einnig verið hannað með það fyrir augum að í því geti farið fram ýmis önnur starfsemi, s.s. vörusýningar, ráðstefnur o.fl. Stærð hússins:

Grunnflötur hallarinnar er	2.919 m <sup>2</sup>
Grunnflötur gólfa	5.909 m <sup>2</sup>
Íþróttahöllin alls	32.179 m <sup>2</sup>
Lóð	18.000 m <sup>2</sup>

Íþróttahöllin var tekin í notkun 5. desember 1982. Hún er í eigu Akureyrarbæjar.

Hönnuður: Haukur Haraldsson.

Hönnður raflagna: Raftákn.

Hönnuður burðarvirkis, vatns- og frárennislislagna: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen.

Hönnun hita- og loftræstikerfis: Tækniþjónustan s.f. Hálfván Helgason

# ÍPRÓTTAHÚS M.A.

Íþróttahús Menntaskólans á Akureyri er timburhús klætt bárujárni, reist 1905, en hefur verið endurbætt fjórum sinnum; 1943, 1978, 1984 og 1988.

Í húsinu er leikfimisalur 9 x 17 m. Hæð undir loft er 5 m. Gólfíð er trégólf, en ofan á það hafa verið settar spónaplötur og Spoknol-dúkur án korks.

Búningsklefar eru tveir og á milli þeirra er eitt bað auk baðs við enda annars klefa.. Aðstaða í húsinu er heldur þröng eins og gefur að skilja.

Húsið er notað til íþróttakennslu fyrir nemendur M.A. og á kvöldin er það fullsetið af nemendum skólans, sem halda þarna uppi fjölbreyttu íþróttastarfi. Nemendafjöldi M.A. er um 600. Húsið er starfrækt 9 mánuði á starfstíma skólans.

Menntaskólinn á Akureyri er ríkisskóli, en 13 sveitarfélög við Eyjafjörð standa að rekstri hans með ríkinu.

## Grasvöllur M.A.

Grasvöllur M.A. er gerður á árunum 1960-1965 og er 60 x 90 m. Hann var í upphafi ætlaður nemendum M.A. eingöngu, en um 20 ára skeið hefur hann einnig verið leigður íþróttafélögum í bænum. Sumarið 1994 voru hinsvegar gróðursett tré á vellinum, hann minnkaður um helming og er nú u.þ.b. 40x60 m.



# ÍPRÓTTAHÚS SJÁLFSBJARGAR

Bygging hófst haustið 1987 og var húsið tekið í notkun í apríl 1988. Húsið var upphaflega sérhannað fyrir veggtennis (skvass) með fjórum sölum. Árið 1990 voru þrjár salanna teknir niður og gerður einn íþróttasalur, en einn skvasssalur stendur enn. Íþróttasalurinn er 20 x 14 m eða 280 m<sup>2</sup>. Skvasssalurinn er 6,5 x 14 m eða 91 m<sup>2</sup>. Mesta lofthæð er 8 m en minnsta 7 m. Salargólf er með Pulastic 2000. Íþróttasalur og skvasssalur eru samtengdir Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar og geta gestir íþróttahússins notað aðstöðu endurhæfingarstöðvarinnar, t.d. ljós, gufuböð, nuddpott o.fl.

Árið 1990 var byggt við húsið til vesturs og er þar nú áhaldageymsla og loftræstibúnaður.

Frá kl. 08:00 til 17:00, frá september til maí, er húsið leigt til íþróttakennslu fyrir Síðuskóla. Sá leigusamningur gildir til ársins 2000. Utan þessa skólatíma er húsið leigt út til ýmissa félagasamtaka og einstaklinga.

Eigandi hússins er Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni.

Hönnuður: Arkitektarstofa Hauks Haraldssonar.

# SUNDLAUG AKUREYRAR

Fyrsta sundlaugin sem byggð var á Akureyri og sennilega á þeim stað sem Sundlaug Akureyrar er nú, var gerð árið 1897, með torffyrirhleðslu í læk sem rann um Grófargil.

Veggir á núverandi sundlaugaþró voru byggðir árið 1922 og botn steypur í hana árið 1936. Laugin er 11 x 35 m og var heitt vatn leitt í hana úr Glerárgili árið 1933. Síðar meir var rafmagn einnig notað til upphitunar, en síðan 1978 hefur heitt vatn verið að mestu fengið frá Hitaveitu Akureyrar. Sundlaugin er dýpst 3 m en grynnt 1 m.

Árið 1956 var nýtt hús tekið í notkun við laugina og í kjallara þess er 8 x 12,5 m kennslulaug. Er hún dýpst 1,75 m og grynnt 0,90 m. Þá eru í húsinu búningsklefar og böð, gufubað, miðasala og aðstaða fyrir starfsfólk.

Við laugina eru tvær setlaugar 40° og 43° heitar. Sumarmánuðina er útisundlaugin opin almenningi frá kl. 07:00 til 21:00, en á vetrum er almenningstímum skotið inn á milli skólasunds, svo og æfingum sundfélagsins. Skólar á suðurbrekkunni nota laugina fyrir skólasund.

Á sundlaugarlóðinni var tennisvöllur yfir sumarmánuðina sem lagður var niður 1994 í sambandi við nýframkvæmdir sem þá hófust á sundlaugarlóðinni. Í kjallara sundlaugarhússins var árið 1983 komið fyrir sólarlömpum. Hefur rekstur þessarar þjónustu gengið mjög vel.

Sumarið 1994 var farið í miklar framkvæmdir við Sundlaug Akureyrar. Laugin og mannvirkin voru endurhönnuð. Árið 1994 var lokið við að byggja 55 m rennibraut og aðra minni 11 m og laug í sambandi við þær, gufubað, vaðlaug og útisturtur.

Sumarið 1998 var tekin í notkun ný laug sem er 25 x 15 m og sumarið 1999 var vígt nýtt hús fyrir búningsklefa kvenna, anddyri með afgreiðslu og glerhús með heitum nuddpotti og heitan pott úti. Endurbótum við sundlaugarhúsið gamla verður lokið á árinu 2000. Sundlaugarhúsið og Íþróttahúsið við Laugargötu eru nú tengd saman með undirgangi.

Sundlaug Akureyrar er í eigu Akureyrarbæjar.

Hönnuður nýframkvæmda er Arkitektastofan Form

# SUNDLAUG GLERÁRSKÓLA

Sundlaug Glerárskóla var vígð 20. janúar 1990. Skólar hófu þar kennslu 23. janúar og laugin opnuð almenningi 15. maí sama ár.

Bygging sundlaugarinnar var boðin út síðla sumars 1987 og kom lægsta tilboð frá Híbýli h.f. Framkvæmdir hófust þá um haustið. Þá var grafið fyrir grunn, girt af vinnusvæði, steypdir kjallaraveggir, gólf í kjallara og hálf plata yfir kjallara.

Á árinu 1988 var lokið við að steypa upp það sem eftir var af húsinu, þak sett á, það klætt og einangrað. Einnig voru settir í gluggar og lokið við að klæða vegg.

Á árinu 1989 var unnið við múrverk, pípulagnir, loftræstikerfi, raflagnir, málningu, innréttingar o.fl.

Verkinu átti að ljúka þann 1. október 1988, en tókst ekki m.a. vegna gjaldþrots yfirverktaka. Stöðvaðist verkið þá um skeið, en síðar náðist samkomulag við fjóra af undirverktökum Híbýlis h.f. um að þeir lykju verkinu.

Laugarkerið er  $16 \frac{2}{3} \times 10$  m, grynnst 90 cm og dýpst 1,75 m. Stærð hússins 843 m<sup>2</sup>, 3192 rúmmetrar.

Í húsinu eru tveir búningsklefar, ásamt böðum, aðstaða fyrir afgreiðslu og starfsfólk, litlar svalir í sundlaugarsal eru yfir búningsklefum, einnig eru loftræstitæki þar á loftinu. Kjallari er undir hluta hússins og kemur að laugarkerinu við dýpri enda þess og aðra langhlið. Í kjallara eru geymslur, hreinsitæki, klórherbergi og leiðslur varðandi laugina og tvo heita nuddpotta sem eru á lóð sundlaugarinnar, vestan við húsið. Pottarnir eru 39° og 41° heitir. Á lóðinni eru einnig tveir útiklefar til fataskipta og heit vaðlaug.

Innangengt er milli sundlaugar, íþróttahúss og Glerárskóla. Skólasund Glerárskóla og Síðuskóla fer fram í lauginni. Sundlaugin er sérstaklega hönnuð með aðgengi fatlaðra í huga.

Í sundlauginni vinna fjórar manneskjur á tveimur vöktum.

Sundlaugin er í eigu Akureyrarbæjar.

Arkitektastofan við Ráðhústorg annaðist hönnun laugarinnar sem er yfirbyggð. Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen á Akureyri annaðist teikningar á burðarvirki, pípulögnum, hreinsikerfi og loftræstikerfi, en Rafael s.f. teiknaði raflagnir.

# SKÍÐASTAÐIR

Í Hlíðarfjalli er skíða- og útivistarstaður Akureyringa og hafa verið reist þar allmörg mannvirki í sambandi við íþrótt- og útlíf. Frá náttúrunnar hendi er fjallið vel fallið til hverskonar skíðaferða og annarra nýrra vetraríþróttagreina sem hafa harslað sér völl hin síðari ár.

## Mannvirki og tæki í Hlíðarfjalli.

**Skíðastaðir:** Húsið var byggt á árunum 1955-1964. Rekstur hófst 1962. 2450 rúmmetra bygging á þremur hæðum. Húsið stendur í 506 m hæð yfir sjó. Gistiaðstaða í tveggja manna herbergjum fyrir 22 gesti, í svefnskálum fyrir 70 gesti. Eldhús, borðsalur fyrir 80 manns, setustofa, gufubaðstofa, fata- og skógeymslur, skíðaleiga o.fl. Hönnuður hússins er Gísli Halldórsson, arkitekt.

**Gamla Strýta:** Þjónustuhús sem upphaflega var byggt af Skíðaráði Akureyrar 1967 og er um 50 m<sup>2</sup>. Húsið var byggt í sjálfboðavinnu og ráðið útvegaði peninga fyrir útlögðum kostnaði. Notað af skíðafólki og starfsmönnum við skíðamót. Á efri hæð þess er tímatökuherbergi með fullkomnum tímatökutækjum. Hönnuður hússins var Pétur Bjarnason, verkfræðingur.

Árið 1980 var tekin í notkun viðbygging við Strýtu. Hún er 40 m<sup>2</sup>, einnig á tveim hæðum. Í kjallara er verkstæði, spennistöð og geymsla. Á efri hæðinni er greiðasala og snyrtingar. Húsið stendur í um 700 m hæð yfir sjó. Allt húsið var rifið 1999 þegar ný Strýta var byggð.

**Nýja Strýta:** Þjónustuhús sem byggt var af Skíðaráði Akureyrar og undirverktökum 1999 og er um 300 m<sup>2</sup> á þremur hæðum. Húsið er innflutt bjálkahús frá Rússlandi. Akureyrarbær lagði fram fé til framkvæmdanna.

Í kjallara eru geymslur, spennistöð og salerni, á miðhæð eru veitingasalur og eldhús og á efri hæð er félagsaðstaða Skíðaráðs Akureyrar og aðstaða til mótahalds. Húsið stendur örlítið neðar en "gamla Strýta"

**Vélageymsla:** Bygging vélageymslu hófst 1981 og húsið tekið í notkun 1982. Þar er spennistöð fyrir skíðasvæðið, snyrtingar, salur til geymslu og viðgerða á vélabúnaði, lager fyrir varahluti og geymsluloft. Húsið er 240 m<sup>2</sup> og 1642 rúmm.

**Gönguhús:** Í Hlíðarfjalli hafa verið byggðir tveir skálar fyrir göngufólk, bæði keppendur og trimmara. Lítil skáli var reistur vestan við Stórhæð árið 1987. Hann er 20 m<sup>2</sup>. Árið 1989 var reistur skáli norð-vestan við Skíðastaði, austan Stórhæðar. Hann var stækkaður 1991 og er nú 73 m<sup>2</sup>. Skáli þessi eða "Gönguhús" eins og hann er kallaður, er miðstöð mótahalds í skíðagöngu og aðstaða fyrir skíðatrimmara. Í honum er smá salur fyrir almenning, eldhús, snyrting, aðstaða fyrir starfsmenn skíðamóta og aðstaða til að bera neðan á skíði. Á annari hæð er tímastökuherbergi.

Árið 1999 var hafist handa um viðbótarbyggingu norðan við gönguhúsið og staurar settir niður fyrir undirstöður, árið 2000 voru bitar settir á þessar undirstöður og 2001 var

viðbótin gerð fokheld. Þannig var staðan um áramótin 2001 - 2002. Stækkunin er um 35 fermetrar.

Upphaflega húsið var hannað af Jónasi Sigurbjörnssyni, tæknifræðingi.

**Stólalyfta:** Stólalyfta var byggð 1967, 1000 m löng, hæðarmismunur 200 m. Afköst 580 manns á klst. Endastöð er í 700 m hæð yfir sjó.

Í ágúst 2001 var þessi stólalyfta tekin niður og hafist handa um byggingu nýrrar og fullkominnar stólalyftu á sama stað. Fyrsta skóflustungan var tekin 18 ágúst 2001 og um mánaðarmótin ágúst - september hófst vinna við undirstöður lyftumastra og endastöðva. Þetta verk annaðist byggingafyrirtækið Árfell frá Dalvík.

Lyftubúnaður allur og möstur voru keypt frá Austurríska fyrirtækinu Doppelmayr og kom fyrsta sendingin í Hlíðarfjall 12. október. Öll hönnun mannvirkisins er gerð af því fyrirtæki.

Fyrirtækið afhenti lyftuna fullbúna 20. desember 2001.

Lyftan er rúmlega 1000 m. löng, hæðarmunur 200 m. og afköst eru 2200 manns á klst. Lyftustólarnir eru fjögurra sæta og nýr og tæknilegur útbúnaður auðveldar fólki notkun lyftunnar.

**Stromplyfta:** Stromplyfta var reist 1974, 520 m löng diskalyfta, hæðarmismunur 200 m. afköst 520 manns á klst. Endastöð var í 900 m hæð. Árið 1986 var þessi lyfta flutt í Hjallabraut, en ný lyfta reist sama ár í Strompbrekkunni. Hún er svokölluð T-lyfta, 760 m löng, hæðarmunur 290 m og afköst 1000 manns á klst. Endastöð er í um 1000 m hæð yfir sjó.

**Hjallabraut** var fyrst reist norðan Skíðastaða 1962 og var þá 400 m löng kaðaltogbraut, en endurbyggð 1983. Þá var sett upp 400 m löng Borer togbraut sem afkastaði flutningi á 700 manns á klst. Hæðarmismunur 100 m.

Árið 1986 var þáverandi Stromplyfta flutt í Hjallabraut (diskalyfta). Hún er 600 m löng, hæðarmismunur 125 m og afköst 550 manns á klst.

**Hólabraut** var sett upp 1975 og var þá flutt úr Strompbrekkunni þar sem hún hafði verið í allmörg ár. Árið 1982 var Hólabraut endurbætt og þar sett Borer togbraut 320 löng, hæðarmunur 45 m og afköst 700 manns á klst.

Árið 1989 var Hólabraut endurbyggð og er þar nú 300 m löng diskalyfta. Hæðarmunur er 45 m og afköst 800 manns á klst.

Allar lyftur í Hlíðarfjalli eru af Doppelmayr gerð og eru staðsettar suð-vestan við Skíðastaði og upp í Reithóla. Afköst allra lyftnanna er samanlagt 4570 manns á klst. og hæðarmismunur á samfelldum skíðabrekkum sem þær eru í um 500 metrar.

**Stökkbraut:** 50 m stökkbraut er við "Ásgarð", í Snæhólum s-v af Skíðastöðum og hefur hún verið notuð frá því um 1952. Nær Akureyri, eða í svokölluðum "Miðhúsaklöppum" var möguleiki til að koma upp 10, 15 og 30 m stökkbrautum, en sennilega er fallið frá þeim hugmyndum.

**Snjótroðarar:** Í fjallinu eru þrjár snjótroðarar af Kässborher gerð. Fyrsti snjótroðarinn sem keyptur var í fjallið var keyptur árið 1974 og var af Hammerle gerð.

**Skíðageymsla:** Árið 1980 voru reistir þrjár 15 m<sup>2</sup> skúrar við Skíðastaði. Þeir eru notaðir fyrir skíðageymslur og til að smyrja skíði.

**Smáhýsi:** Á skíðasvæðinu eru þrjú smáhýsi (skúrar byggðir 1983), hvert um sig 6 m<sup>2</sup>, notuð sem start- og markhús. Eitt húsið er á sleða, er það notað við göngu- og stökkmót og er dregið af snjótroðara að stökk- eða göngubraut eftir því sem við á.

**Alþjóða Alpakeppnisbrekkur og göngubrautir:** Skíðabrekkur í Hlíðarfjalli hafa fengið viðurkenningu Alþjóða Skíðasambandsins fyrir alþjóða skíðamót í svigi og stórsvigi. Eftir nýjum reglum sambandsins uppfylla brekkur í fjallinu einnig kröfur fyrir alþjóðleg brunmót og risasvig og 10 júní 1999 barst tilkynning frá Alþjóða Skíðasambandinu um að þær hefðu hlotið viðurkenningu sambandsins fyrir alþjóðamót í risasvigi (Super G) og bruni (Downhill). Göngubrautir 5 og 7,5 km., í Hlíðarfjalli fengu viðurkenningu Alþjóða Skíðasambandsins fyrir alþjóða göngumót árið 1998.

**Vegur** að Skíðastöðum var upphaflega lagður um 1951, en endurbyggður frá Glerá og uppeftir árin 1970-1972. Þá var skipt um jarðveg í bílastæði og það stækkað. Bifreiðastæði var stækkað verulga árið 1997 og malbikað í kringum Skíðastaði sumarið 1999.

**Rafmagn** var upphaflega lagt í Skíðastaði 1955, (loftlína) og þaðan í Strýtu 1964. Skíðabrekkur við "Stromp", "Hjallabraut" og "Hólabraut" voru flóðlýstar 1970-1975. Síðan hefur flóðlýsingin verið aukið og endurbætt og 1999 voru settir 60 ljósastaurar í göngubrautina og lýsir hún upp um fimm km. af brautinni. Allar rafleiðslur til mannvirkjanna og í skíðabrautunum eru nú lagðar í jörð.

**Sími** var lagður í Skíðastaði 1979. Kapall sem lagður var frá Lögmanshíð í Skíðahótelið var fenginn hjá Flugmálastjórn en hún hafði notað hann til margra ára í Vaðlaheiði. Sjálfboðaliðar grófu hann upp í Vaðlaheiði og settu hann niður í Hlíðarfjalli. 1988 var símakerfið aukið og endurbætt. Landssíminn lagði nýjan símakapal í Skíðahótelið og símakapall var lagður í öll hús í fjallinu. Er mikið öryggi og hagræði að þessu símakerfi.

Öll mannvirki í Hlíðarfjalli eru í eigu Akureyrarbæjar, nema "Gönguhúsið" sem er í eigu Skíðafélags Akureyrar.

# ÍPRÓTTAVÖLLUR AKUREYRAR

Fyrsti hluti Íþróttavallar Akureyrar, hlaupabrautirnar, var tekinn í notkun 17. júní 1951, en grasvöllurinn og lítill malarvöllur, sem mest er notaður af yngri flokkum í knattspyrnu, árið 1953. Hús fyrir búningsaðstöðu og áhorfendasvæði voru tekin í notkun 1962. Áhorfendasvæði var bætt verulega með því að byggðir voru grasstallar árið 1998.

Grasvöllurinn er 100 x 70 m og hlaupabrautirnar eru fjórar, 400 m langar malarbrautir. Gerfiefni var sett á atrennubrautir í langstökki, hástökki og spjótkesti 1991. Tveir þriðju hlutar fyrirhugaðs áhorfendasvæðis hefur enn ekki verið byggt, en 1998 voru settir stallar í það . Árið 1982 var byggð áhaldageymsla norðan við íþróttavöllinn.

Íþróttavöllur Akureyrar er aðal keppnisvöllur bæjarins, fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir. Í vallahúsi eru þrjú búningsklefar, tvö böð, herbergi fyrir starfsmenn og stjórnendur móta. Völlurinn er sæmilega búinn íþróttahöldum.

Á veturnum var vallahúsið notað af íþróttafélagunum, sem búningsaðstaða fyrir útiæfingar, en hin síðari ár fyrir ýmiskonar tómsundastarf.

Grasvöllurinn er venjulega notaður frá júníbyrjun til 20. september og þar fara fram allt að 35 kappleikir í knattspyrnu, auk æfingátíma einu sinni í viku, frá 1. júlí til 15. sept.

Íþróttavöllur Akureyrar er í eigu Akureyrarbæjar.  
Hönnuður: Teiknistofan hf., Ármúla 6.

# ÍPRÓTTASVÆÐI K.A.

## **Knattspyrnuvellir:**

Hafin var gerð malarvallar á KA-svæðinu í Lundarhverfi árið 1975 og var hann tekinn í notkun 1977. Hann er 65 x 105 m.

Árið 1982 var aðalgrasvöllurinn á svæðinu tekinn í notkun og er hann 130 x 80 m. Síðan hafa bætst við tveir grasvellir, annar 100 x 62 m og hinn 100 x 95 m. Var sá síðarnefndi þökulagður sumarið 1992.

## **Félagsheimili KA:**

Í maí 1985 hófust byggingarframkvæmdir á KA-svæðinu og var KA-heimilið vígt 28. júní 1986. Í húsinu er félags-, funda- og búningaástaða auk margskonar reksturs innan veggja. KA-heimilið er nú samtengt íþróttahúsi KA með tengibyggingu og rekstur húsanna sameiginlegur. Þar hafa nú allar deildir félagsins æfinga-, keppnis- og félagsaðstöðu.

## **Íþróttahús:**

Árið 1990 var gerður rammasamningur milli Akureyrarbæjar og Í.B.A. um byggingu íþróttamannvirkja á vegum íþróttafélaga í bænum.

Á grundvelli þessa rammasamnings var undirritaður samningur við Akureyrarbæ um byggingu íþróttahúss KA þann 26. mars 1991 og þann 31. mars það ár var fyrsta skóflustungan að húsinu tekin.

Grunnflötur hússins er um 1800 m<sup>2</sup>, án tengibyggingar, en með fyrstu hæð og sal á annarri hæð auk tengibyggingar á tveim hæðum, er nýtanlegt flatarmál um 2700 m<sup>2</sup>. Akureyrarbær tekur þátt í kostnaði við 2200 m<sup>2</sup> að 75% hluta þannig að 1050 m<sup>2</sup>, auk frágangs við lóð og bílastæði er á kostnað KA. Aðal íþróttasalurinn er 45 x 27 m, gólfefni er Recopul, lofthæð er mest 11 og minnst 6 m.

Íþróttahúsið var vígt 18. október 1991, aðeins rúmum sex mánuðum eftir að framkvæmdir hófust. Þetta hús er fyrst og fremst íþrótt- og kennsluhúsnæði fyrir KA og Lundarskóla en einnig er gert ráð fyrir því að hægt sé að halda þar ráðstefnur og efna til hvers konar sýningahalds t.d. við uppbyggingu ferðamannaþjónustu í bænum.

KA-heimilið, en svo kallast í daglegu tali íþróttahús og félagsheimili KA, hefur í dag margvíslega þjónustu að bjóða svo sem nuddstofu, erobikstúdíó, ljósalampa, nuddpott og gufu, auk veitingasölu, en að hluta til er sá rekstur í höndum einkaaðila.

Íþróttamannvirkin á svæðinu eru í eigu Knattspyrnufélags Akureyrar.

Hönnuðir: Arkitektastofan Form í samvinnu við Verkfræðistofu Norðurlands.

Hönnuður lóðar: Halldór Jóhannsson.

Hönnuður íþróttahúss: Bjarni Reykjalin.



# ÍPRÓTTASVÆÐI ÞÓRS

## **Knattspyrnuvöllur:**

Byrjað var að gera malarvöll á Þórs-svæðinu í Glerárhverfi 1969 og hann tekinn í notkun 1975. Hann er 105 x 62 m.

Í júlí 1980 var lokið við að þekja grasvöll og hann vígður 21. september 1980. Hann er 150 x 90 m. Þá voru gerð áhorfendasvæði vestan vallarins, umhverfi vallarins lagfært og sáð í flatir umhverfis hann.

Á Þórssvæðinu er því einn malarvöllur, einn keppnis-grasvöllur og tvö grasæfingasvæði. Gras æfingasvæði eru samtals um 31.000 m<sup>2</sup>. að aðalgrasvellinum meðtöldum. Gert er ráð fyrir 400 m hlaupabraut umhverfis grasvöllinn. Þá er gert ráð fyrir tveim tennisvöllum, svæði fyrir skallatennis og svæði fyrir minigolf.

## **Félagsheimili:**

Félagsheimili Þórs er byggt á grundvelli rammasamnings Akureyrarbæjar og Í.B.A., en samstarfssamningar milli Akureyrarbæjar og Þórs, sem eru tveir, voru undirritaðir 6. apríl 1990 og 23. ágúst 1991.

Fyrsta skólfustunga að félagsheimili Þórs var tekin 1987 og var húsið, sem hlotið hefur nafnið HAMAR vígt 6. júní 1992. Þetta er um 1400 m<sup>2</sup> hús. Í kjallara eru fjórir búningsklefar, aðstaða til þvotta og geymslu búninga, dómarahebergi, vélageymsla, ljósabekkir, heitur pottur og gufubað. Á jarðhæð er kaffitería, samkomusalur, tómstunda-aðstaða og þreksalur og á 2. hæð er aðsetur aðalstjórnar, deilda og framkvæmdastjóra, auk setustofu. Einnig er á hæðinni lítil húsvarðaríbúð, auk gestaherbergis.

Íþróttamannvirkin á svæðinu eru í eigu Íþróttafélagsins Þórs.

Hönnuðir: Arkitektastofan við Ráðhústorg.

# GOLFVÖLLUR GA

Golfvöllurinn að Jaðri við Akureyri var tekinn í notkun árið 1971. Völlurinn er 18 holur og er hann nyrsti 18 holu golfvöllur heims. Völlurinn er þekktur víða um heim vegna ARCTIC OPEN mótsins sem haldið er á Jónsmessu ár hvert og þá leikið á nóttunni.

Golfvöllurinn að Jaðri er í afar fjölbreytilegu og fögru landslagi. Völlurinn er talinn mjög erfiður, en hann er 5.779 metrar af hvítum teigum, 5.580 m af gulum teigum og 4.721 m af rauðum teigum. Par vallarins er 71.

Að Jaðri á Golfklúbbur Akureyrar félagsheimili. Við félagsheimilið er íbúð húsvarðar og í útihúsum eru geymslur fyrir áhöld félagsmanna. Fullkomið viðgerðaverkstæði fyrir vélar og tæki er til staðar. Átta menn og tólf unglingar vinna við golfvöllinn yfir sumarmánuðina, eða svokallaða golfvertíð.

Félagsmenn leggja til mikla sjálfboðaliðsvinnu, bæði við völlinn sjálfan og ekki síður við byggingarnar. Skipulega hefur verið unnið að skógrækt á landi klúbbsins, sem er 92 ha. að stærð og árlega eru gróðursettar 10-15 þúsund plöntur.

Golfvöllurinn er í eigu Golfklúbbs Akureyrar.

Hönnuður húss: Haraldur V. Haraldsson.

Hönnuðir vallar og umhverfis: Magnús Guðmundsson, Júlíus Sólnes, sænskur golfvallaarkitekt að nafni Skjold og Halldór Jónsson, landlagsarkitekt.

# SKAUTASVÆÐI SKAUTAFÉLAGS AKUREYRAR

Árið 1976 var Skautafélagi Akureyrar veitt lóð undir íshockeyvöll á svæði sunnan Höepfners milli Drottningarbrautar og Hafnarstrætis.

Eftir að Skautafélagið fékk svæðið 1976 var hafist handa um gerð íshockeyvallar 30 x 60 m að stærð og 1978 var lokið við að setja ramma umhverfis hann og leggja að honum vatn. Einnig var komið upp einfaldri búningaðstöðu og völlum rafhlýstur.

Veturinn 1983-1984 var tekið í notkun nýtt tæki sem slípar svell og úðar heitu vatni yfir á eftir. Reyndist þetta tæki mjög vel og gerði það að verkum að ísinn varð mun betri en með fyrri aðferðum við svellagerð. Tæki þetta breytti þó engu um erfiðleika þá sem er að halda svelli á svæðinu í misjöfnum veðrum.

Skautafélagið ákvað því að koma upp vélfrystu skautasvelli. Útgerðarfélag Akureyringa hafði af rausnarskap gefið félaginu frystivél, sem hugmyndin var að nota við vélfrystinguna, þó ekki reyndist unnt að nota hana þegar á reyndi.

Árið 1985 var Skautafélagi Akureyrar veitt lóð undir starfsemi sína á svæði norðan Krókeyrar í innbæ Akureyrar.

Strax var hafist handa við að koma þar upp vélfrystu skautasvæði, því fyrsta hér á landi. Stærð svæðisins er 28 x 58 m<sup>2</sup> og var það tekið í notkun 1987. Einnig var komið upp einfaldri búningaðstöðu og völlum rafhlýstur. Félagið hefur síðan rekið svæðið á tímabilinu nóvember til mars hverju sinni. Annars vegar hefur svæðið verið opið almenningi til skautaiðkanna og hins vegar fyrir æfingar félagsmanna. Þrátt fyrir vélfrystinguna hefur veðurfar eftir sem áður mikið áhrif á möguleikana á að hafa svellið opið, þar sem svæðið er ekki ennþá yfirbyggt. Austan vélfrysta svæðisins er tjörn, sem frýs yfir veturinn og umhverfis hana er fyrirhugað, í framtíðinni, að koma upp 400 m hraðhlaupsbraut.

Hinn 6. apríl 1990 var undirritaður samningur um samstarf Akureyrarbæjar og S.A. á grundvelli rammisamnings Í.B.A. og Akureyrarbæjar. Samningurinn tók til þeirra mannvirkja sem reist höfðu verið á svæði S.A. 1989-1990 svo og kaupa á frystivél 1988, og hljóðaði upp á að Akureyrarbær greiddi 75% af kostnaði, að frádregnum framlögum frá íþróttasjóði. Þá styrkir Akureyrarbær byggingu vegna búningaðstöðu við íshockeyvöllinn.

Árið 1993 var keyptur fullkominn ísplógur og ísgerðarvél á svæðið.

Þann 25. mars árið 2000 var ný Skautahöll vígð af forseta Íslands við hátíðlega athöfn. Skautahöllin er 3.229 m<sup>2</sup>, þar af er grunnflötur neðri hæðar 2.753 m<sup>2</sup> og efri hæð 476 m<sup>2</sup>. Skautasalur ásamt áhorfendasvæðum er 2.617 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Skautahöllin var byggð yfir gamla skautasvellið en svellið stækkað um nokkra metra. Akureyrarbær gerði samning við Skautafélag Akureyrar um rekstur Hallarinnar til fimm ára með ákvæði um mögelga framlengingu. Skautafélag Akureyrar hefur félags- og fundaraðstöðu í húsinu. Í húsinu eru fjórir búningklefar með búningaðstöðu. Húsið tekur 600 áhorfendur.

Skautahöllin er í eigu Akureyrarbæjar.

Hönnuðir: Arkitektastofan Gróargili, Verkfræðistofa Birgis Ágústssonar og Aðalgeir Pálsson, rafmagnsverkfræðingur.

# ÍPRÓTTASVÆÐI HESTAMANNAFÉLAGSINS LÉTTIS

Hestamannafélagið Léttir var stofnað 5. nóvember 1928 af 18 mönnum. Í fyrstu var starfemin heldur hæg og að mestu bundin við hrossarækt, bætta meðferð og tamningu hrossa. Á árunum kringum 1940 fór félagið að eflast og verða félag sportmanna, þar sem lögð var áhersla á bætta reiðmennsku, meiri og betri þjálfun hrossa og kappreiðar.

Á þessum árum var eingöngu keppt í hefðbundnum íslenskum keppnisgreinum (góðhestakeppni og stökki) og var fyrsta stórmótið haldið hér 1954. landsmót á Þverár-eyrum. Eftir þetta landsmót varð nokkuð ör þróun, félagið fór að reka tamningastöð og kappreiðar haldnar árlega.

Árið 1959 var stofnaður Reiðskóli Léttis og var hann starfræktu eingvörðungu fyrir börn félagsmanna fyrstu árin, eða þar til Æskulýðsráð Akureyrar gekk inn í starfsemina. Sá reiðskóli hefur nú starfað á hverju sumri. Aðsetur skólans er að Hamraborgum.

Árið 1961 keypti félagið jörðina Kaupvangsbakka. Þar var komið upp sumarhögum fyrir hross félagsmanna, sem nýttir eru enn í dag.

Árið 1974 voru Melgerðismelar teknir á leigu og þar hafin uppbygging á keppnissvæði, sem er í dag eitt af betri svæðum landsins. Þar voru haldin Fjórðungsmót hestamanna árið 1976, 1983 og 1987. Einnig hafa hátíðisdagar hestamanna verið haldnir þar árlega frá 1984. Á svæðinu er 1000 m hringbraut, 200 m braut fyrir keppni í hestaíþróttum, 300 m völlum fyrir góðhestakeppni, gerði fyrir hlýðnikeppni, hlaupabraut og sýningarastaða fyrir kynbótahross. Einnig er á svæðinu 250 m<sup>2</sup> veitingaskáli og 36 hesta hesthús.

Árið 1977 var skipuð íþróttanefnd til að sjá um keppni og þjálfun í evrópskum greinum hestaíþróttar. Í kjölfar þessarar nefndar kom svo Íþróttadeild Léttis, með sjálfstæðan fjárhag og eigin lög. Þessi deild hefur síðan haldið nokkur íþróttamót á ári og tekið upp þá nýbreytni að keppa á ís að vetrum. Íþróttadeild Léttis hélt fyrsta Íslandsmót í hestaíþróttum að Melgerðismelum 1981. Árið 1988 gekk Íþróttadeild Léttis í Íþróttabandalag Akureyrar. Árið 1990 tók Léttir þátt í Vetrariþróttahátíð Í.S.Í. og síðan þá hefur Í.D.L.haldið vetrarleika árlega. 1989 var stofnað unglingaráð til eflingar unglingarstarfi.

Þegar bærinn fór að stækka og meira hugsað um skipulagsmál fengu hestamenn sín eigin hesthúshverfi. Árið 1969 hófust byggingar í Breiðholti og eru þar nú 80-90 hesthús sem rúma um 1200-1500 hross. Í þessu hverfi er nú tamningagerði og 200 m hringvöllur. Árið 1990 voru fest kaup á 15 hesta hesthúsi sem nefnist Fjöðrin og er það ætlað unglingum. 21. apríl 1988 var tekið í notkun félagsheimili er nefnist Skeifan. Þar fer fram öflugt félagsstarf Léttis og Í.D.L.

Árið 1978 hófst uppbygging í landi Lögmanshlíðar og eru þar nú 10-15 hesthús og dýraspítali er í byggingu. Búið er að skipuleggja mótssvæði og hesthúsabyggð. Á þessu svæði er nú 250 m hlaupabraut, 300 m hringvöllur, hlýðnigerði, áhorfendasvæði og bílastæði. Þar var haldið Bikarmót Norðurlands 1992 á vegum Í.D.L.

Á sumrin hefur Hestamannafélagið Léttir haft afnot af Sörlastöðum í Fnjóskadal. Þar er afar fallett og hentugt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og er það mikið notað.

# HAMRABORGIR

Árið 1988 var býlið Hamraborgir afhent Æskulýðsráði Akureyrar til nota fyrir Reiðakóls Léttis og Æskulýðsráðs og annars útivistarstarfs.

Öll útihús voru mjög léleg og þau rifin. Íbúðarhús verður einnig rífið og eftir stendur gömul hlaða (braggi) sem notaður er sem geymsla.

Árið 1988 var lyftuskúr sem var við stólalyftu í Hlíðarfjalli fluttur að Hamraborgum, hann endurbættur og er notaður fyrir reiðskólann. Í honum er aðstaða fyrir kennara og nemendur hnakkageymsla og snyrting.

Sett var upp gerði 20 x 40 m við hliðina á skúrnum og gerðið tengt reiðvegi sem liggur frá Breiðholti niður á Eyjafjarðarbakka. Góðar reiðgötur eru því í tengslum við Hamraborgir.

Að Hamraborgum er 10 hektara tún sem nýtist reiðskólanum. Reiðskóli Léttis og Íþróttá- og tólmstundaráðs (nafni breytt 1990) var stofnaður 1962 og hefur staðið á hverju sumri síðan.

Hamraborgir eru í eigu Akureyrarbæjar.

# ÚTIVISTARSVÆÐIÐ Í KJARNASKÓGI

Árið 1952 var Kjarnaland friðað til skógræktar. 20 árum síðar eða árið 1972, gerðu Akureyrarbær og Skógræktarfélag Eyfirðinga samning um að gera Kjarnaskóg að útivistarsvæði. Frá árinu 1976 hafa framkvæmdir þar verið í umsjá Skógræktarfélags Eyfirðinga.

Kjarnaskógur var formlega opnaður til útivistar 1974. Allar framkvæmdir sem unnið er að hafa það megin markmið að örva til hollrar útivistar. Skógurinn skapar skjól og gefur landinu þann fjölbreytileika sem eftirsóknarverður er.

Kjarnaskógur er að flatarmáli um 100 hektarar, en auk þess hafa verið friðuð svæði til útivistar í Nausta- og Hamraborgum og í Eyrarlandshálsi. Heildar flatarmál skógræktar- og útivistarsvæða í bæjarlandinu er nú um 800 ha.

Í Kjarna er eitt leiksvæði, með leiktækjum fyrir börn og fullorðna og er unnið að því að koma upp aðstöðu á öðrum stað.

Upplýst trimmbraut var tekin í notkun 1976 og árið 1992 var bætt við brautina, þannig að heildar lengd upplýstra brauta er nú um 5,5 km. Rafveita Akureyrar hefur kostað lýsingu trimmbrautanna. Yfir veturinn er haldið við troðnum skíðagöngubrautum.

Árið 1974 var byggt þjónustuhús í Kjarna og er þar aðstaða til inniveru fyrir hópa sem þess óska.

Árlega vinna hópar frá unglíngavinnu Akureyrarbæjar að ýmsum framkvæmdum á svæðinu, svo sem gróðursetningu, hreinsun og stígagerð.

Aðsókn að útivistarsvæðinu í Kjarna hefur farið mjög vaxandi síðustu árin. Árið 1978 komu um 30 þúsund gestir á svæðið og árið 1991 voru heimsóknir um 120 þúsund.

# ÍÞRÓTTASVÆÐI SKOTFÉLAGS AKUREYRAR

Árið 1991 var Skotfélagi Akureyrar úthlutað æfinga- og keppnissvæði í landi Glerár í mynni Glerárdals. Það sama ár var hafist handa við byggingu skotvallar, byggð skothús og fjarstýrðar og alsjálfvirkar skotvélar af gerðinni Beomat settar upp í þeim. Vélar þessar eru frá sænsku verksmiðjunum Beomat, gerðar fyrir leirdúfuskytteri sem nefnist Skeet og voru keyptar 1991. Rafmagn til að drífa vélarnar var fengið úr díeselrafstöð sem sett var upp á svæðinu. Díeselvélin var keypt frá Hornafirði. Þá voru steiptir 8 pallar þar sem skotið yrði frá. Allt þetta gerðist sumarið 1991 og var völlurinn tekinn í notkun í ágúst það ár, að viðstöddum gestum.

Reglulegar skotæfingar á vellinum hófust árið 1992. Árið 1993 var reist 70 m<sup>2</sup> félagsheimili og vallarhús á svæðinu. Þar er gert ráð fyrir sal, eldhúsaðstöðu, snyrtingum, skotfæra-geymslu og á lofti aðstöðu fyrir gistingu. Þetta er timburhús, einangrað í hólf og gólf. Var húsið smíðað af Trausta Adamssyni og flutt upp á svæðið. Ekki er búið að innrétta húsið (1994) en félagsmenn vinna að því um þessar mundir og hyggjast klára það fyrir næsta sumar.

Sumarið 1993 og '94 var svæðið lagfært mikið, sléttað, þakið og malborið. Sumarið 1995 var lagt rafmagn og vatn í húsið. Þá var einnig gert stórátak í uppgræðslu umhverfis, sáð grasfræi, lagðar þökur og gróðursettar 2000 trjáplöntur.

Mannvirki á svæðinu eru í eigu Skotfélags Akureyrar.

# NÖKKVI FÉLAG SIGLINGAMANNA

Sjóferðafélag Akureyrar var stofnað árið 1962 og starfaði af miklum krafti þar til árið 1979 að lögum þess og nafni var breytt og félagið nefnt Nökkvi félag siglingamanna.

Aðsetur siglingafólks á Akureyri hafði, um langt árabil, verið í gamla flugskýlinu við Hafnarstræti þar til árið 1981 að félagið flutti starfsemi sína í 247 m<sup>2</sup> húsnæði að Hafnarstræti 22, sem byggt var um 1912.

Húsnæði þetta er nýtt til félagsstarfsemi og æskulýðsstarfs, svo og til viðhalds bátum og búnaði og hafa félagsmenn lagt mikla vinnu í að laga húsið að þörfum félagsins.

Eftir að Höepfnerbryggjan var rifin er engin aðstaða til að geyma báta á floti. Einnig var sjósetningarbraut eyðilögð, þannig að nú er aðeins fjaran eftir, en hún er alltof gróf fyrir lendingar smá kæna.

Haustið 1993 var Hafnarstræti 22 (Tunnuverksmiðjan) rifið og fékk þá félagið geymsluhúsnæði fyrir báta og tæki að Strandgötu 53 b.

1994 var skipulögð aðstaða fyrir Nökkva á Höepfnarsuppfyllingunni og sumarið 1994 lét Akureyrarbær reisa 30 m<sup>2</sup> hús með snyrtingum, búnings- og fundaaðstöðu, sem afhent var félaginu um haustið. Eftir er að malbika uppfyllinguna, reisa girðingu, steypa sjósetningarbraut og kaupa flotbryggju.

Íþróttavangurinn sjálfur er fjörðurinn og pollurinn sem er frá náttúrunnar hendi frábærlega vel skapaður til siglinga og eru þessar náttúrulegu aðstæður einhverjar þær bestu á landinu.



# ATHAFNASVÆÐI FLUGKLÚBBS ÍSLANDS

Á Melgerðismelum í Eyjafirði er mjög gott svæði frá náttúrunnar hendi fyrir flugvöll, eins og fram kom þegar nokkrir ungir Akureyringar fóru að reyna svifflug á árunum fyrir stríð.

Svifflug hófst árið 1937 og reyndist svæðið mjög vel. Það sannaðist m.a. þegar breski herinn yfirtók þetta svæði á stríðsárunum og byggði það mjög vandaða 700 m flugbraut með drenlögnum og burðarlagi fyrir stórar flugvélar.

Þessi völlum var notaður sem flugvöllur fyrir Akureyri allt til ársins 1955. Einnig var reist vandað flugskýli sem svifflugmenn yfirtóku þegar flugið var flutt á Akureyrarflugvöll.

Árið 1988 tóku öll flugáhugamannafélögin á Akureyri sig saman um að byggja upp þetta svæði, með kaupum á húsi sem flutt var á staðinn þá um haustið. Var það vígt 1989 og nefnt Flugstöð Þórunnar Hyrnu. Eftirtalin félög starfa á svæðinu:

**Svifflugfélag Akureyrar** hefur 1300 m flugvöll sem er nú ræktaður sem grasvöllur, 400 m<sup>2</sup> flugskýli, spil til að draga svifflugur á loft og 5 svifflugur.

**Vélflugfélag Akureyrar** hefur 700 m flugbraut með möguleika á stækkun í 1000 m. Fyrst var svæðið notað fyrir flugdag 1939 og var það flugvöllur frá náttúrunnar hendi, en 1942 var byggður núverandi flugvöllur sem var notaður sem áætlunarflugvöllur til ársins 1955. Þetta er viðurkennd flugbraut samkvæmt íslenskum reglum. Hún á að verða grasbraut í framtíðinni.

**Flugmóðelfélag Akureyrar** hefur 100 m malbikaða og merkta braut, 8 m breiða, ásamt aðkeyrslubrautum og uppkeyrslusvæði fyrir flugtak.

**Fallhlífaklúbbur Akureyrar** hefur góðan landingarflugvöll sem er sandur og hentar mjög vel sem keppnisvöllur, um 40 m í þvermál.

**Flugklúbbur Íslands** er sameiningarfélag allra flugklúbbanna á Akureyri. Klúbburinn stendur fyrir flugsýningu ásamt ræktun og rekstri Flugstöðvar Þórunnar Hyrnu, sem er 70 m<sup>2</sup> ásamt svefnlofti. Í flugstöðinni er öll aðstaða og búnaður, svo sem rafmagn, sími, talstöðvar, vindhraðamælar, vindstefnumælar og öllu sem þarf til að taka á móti gestum.

Flugklúbbur Íslands hefur staðið fyrir miklu uppgræðsluátaki á þessum áður kalda og hrjóstruga stað og er þegar farinn að sjást árangur af því starfi. Gróðursettar hafa verið um 30.000 plöntur og ræktað tún á um 40 hektara svæði, ásamt garði kringum húsið, sem er stór og veglegur.